

# Framkvæmdanefnd kirkjupings

## Fundargerð

28. apríl 2022

Mætt eru: *Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður sem einnig ritar fundargerð*  
*Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu*  
*Einar Már Sigurðarson*  
*Skúli Ólafsson*

*Drífa Hjartardóttir forseti kirkjupings, Ragnhildur Benediktsdóttir og Guðmundur Þór Guðmundsson, koma á fundinn undir lið 2 og 3.*

1. Erindi frá Óskari Magnússyni um fjárveitingu vegna framboðs til kirkjupings. Óskað er eftir því að póstkostnaður frambjóðandans sé greiddur af Þjóðkirkjunni.

Frambjóðendum stendur til boða að kynna sig á vef kirkjunnar. Einnig hefur frambjóðendum staðið til boða að kynna sig á héraðsfundum eða sérstökum kjörfundum. Kjósi frambjóðendur að kynna sig á annan hátt er það á ábyrgð og kostnað frambjóðandans sjálfs.

Beiðni um greiðslu póstkostnaðar er því hafnað.

2. Lögfræðiþjónusta fyrir kirkjuping.

Farið er yfir þau verkefni kirkjupings sem lögfræðingar biskupsstofu hafa sinnt í gegnum tíðina.

3. Húsnæðismál Katrínartún 4. Í skoðun er hvort hægt sé að framleigja hæðina í Katrínartúni að hluta til eða í heild sinni. Samningur við leigusala heimilar framleigu. Áhugi er á hæðinni en ekkert fast í hendi.
4. Lögfræðingur á fasteignasviði.

Lögfræðingur á fasteignasviði hefur sagt starfi sínu lausu. Farið er yfir verkefni og mannauð sviðsins. Framkvæmdastjóra rekstrarstofu er falið að undirbúa ráðningarferli.